


Hafnarfirði, 16. desember 2020

Efni: Erindi íbúa og eigenda Furuhlíðar 4, 6, 7, 9, 11, 13, 15 og 17, vegna Klettahlíðar.

1. Hver er stefna Umhverfis og Framkvæmdarráðs Hafnarfjarðar varðandi aukna umferð í gegnum íbúðahverfið eftir Klettahlíð?

Klettahlíðin er samkvæmt aðal- og deiliskipulagi ein af safngötum bæjarins sem tengjast tengigötum. Gert er ráð fyrir að umferð frá Mosahlíð fari annarsvegar um Hlíðarberg og hins vegar um Klettahlíð þegar íbúar þurfa að komast í hverfið og fara úr hverfinu, sbr. meðfylgjandi uppdrátt úr gildandi aðalskipulagi Hafnarfjarðar.



2. Hver er stefna Umhverfis og Framkvæmdarráðs Hafnarfjarðar til þess að hindra of hraðan akstur um Klettahlíð sem veldur umferð um Furuhlíð stórlægri hættu? Á flestum safngötum innan Hafnarfjarðarbæjar er hámarkshraði 50 km/klst, á Klettahlíðinni er hámarkshraði 30 km/klst, og miðað við mælingar er umferðarhraði á



HAFNARFJÖRÐUR

götunni ekki mikill, þá eru á götunni tvær hraðahindranir sem draga úr hraða á Kletthlíðinni.

3. Hver er stefna Umhverfis og Framkvæmdarráðs Hafnarfjarðar til þess að gera gangbraut við göngustíg sem liggur þvert á Kletthlíð?

Tekið er jákvætt í þessa hugmynd og er henni vísað áfram til umferðaröryggisnefndar.

4. Hver er stefna Umhverfis og Framkvæmdarráðs Hafnarfjarðar varðandi stanslausan og tilgangslausan akstur tómrar strætisvagna fram og til baka um Kletthlíð?

Hafnarfjarðarbær ætlar að halda upp þjónustu fyrir íbúa hverfa bæjarins og þar á meðal er akstur strætisvagna, Hafnarfjarðarbær hefur sent erindi á Strætó þar sem óskað er eftir að minni vagnar aki innanbæjarleiðir Strætó í Hafnarfirði.

5. Komið hefur fram að Umhverfis og Framkvæmdarráð skilgreini Kletthlíð sem safngötu.

Eftirfarandi er skilgreining Wikipedia á íbúðahverfi:

*"Í nútímaskipulagi íbúðarhverfa eru þau oft afmörkuð þannig að þau tengjast aðalgötu með **safngötu** og er þar með ekki hægt að keyra í gegnum hverfin. Þetta er til þess að sporna við mikilli umferð og draga úr slyshættu."*

Er það stefna Umhverfis og Framkvæmdarráðs að vinna gegn þessari skilgreiningu?

Ekki er til formleg skilgreining á safngötum í skipulagsreglugerð né Vegalögum.

Almennt er hugsunin með safngötum að hún taki umferð frá húsagötum og flytji hana áfram á tengivegi sem tengjast svo stofnvegum.

Með kveðju,

Sigurður Haraldsson

SVIÐSSTJÓRI UMHVERFIS- OG SKIPULAGSSVIÐS